

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 956/2008

2011/EES/5/30

frá 29. september 2008

um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnar tegunda smitandi heilahrönnunar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnar tegunda smitandi heilahrönnunar (¹), einkum 7. gr. (önnur málsgrein 3. mgr.), 23. gr. (fyrsta málsgrein), og 23. gr. a (d-liður),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi heilahrönnunarsjúkdóma í dýrum. Hún gildir um framleiðslu lifandi dýra og afurða úr dýraríkinu og setningu þeirra á markað og, í tilteknum sértilvikum, um útflutning þeirra.
- 2) Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um bann við því að jörturdýr séu föðruð á prótíni úr dýrum. Þó er í 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar kveðið á um undanþágu frá því banni að því er varðar föðrun ungra jörturdýra á prótíni sem unnið er úr fiski, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Meðal þeirra skilyrða er vísindalegt mat á föðurþörf ungra jörturdýra og mat á eftirlitsþáttum slíkrar undanþágu.
- 3) Í II. hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar fram undanþágurnar frá banninu sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar og sérstöku skilyrðin fyrir beitingu slíkra undanþágna.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu samþykkti 24. janúar 2007 álit um mat á heilbrigðisáhættu, sem fylgir því að föðra jörturdýr á fiskimjöli, í tengslum við hættu á smitandi heilahrönnun. Í álitinu var komist að þeirri niðurstöðu að áhætta á smitandi heilahrönnun í fiski væri óveruleg, hvort heldur sem hann er gefinn beint eða með

magnaðri smitvirkni. Einnig kom í ljós að ef einhver hætta er á smitandi heilahrönnun í fiskimjöli gæti hún stafað frá föðri úr spendýrum, sem fiskarnir hafa nýlega verið föðraðir á, eða frá fiskimjöli sem er mengað af kjöt- og beinamjöli.

- 5) Hinn 19. mars 2008 lagði aðalskrifstofa heilbrigðis- og neytendamála fram skýrslu sem unnin var með aðstoð margra sérfræðinga. Í skýrslunni er komist að þeirri niðurstöðu að fiskimjöl sé auðmeltur prótingjafi með lægri meltingarstuðul en mjólk en hærri en flest jurtaþrotín og með hagstæða amínósýrusamsetningu í samanburði við jurtaþrotíngjafa, sem eru í reynd notaðir í staðgöngumjól, og að unnt væri að leyfa föðrun ungra jörturdýra á fiskimjöli.
- 6) Með hliðsjón af skilyrðinu sem varðar mat á eftirlitsþáttum, sem kveðið er á um í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, vege strangar vinnslureglur, sem gilda um fiskimjölsframleiðslu, og eftirlit með hverri sendingu innflutts fiskimjöls áður en hún er sett í frjálsa dreifingu í Bandalaginu, upp á móti hugsanlegri áhættu við að föðra ung jörturdýr á fiskimjöli.
- 7) Í því skyni að tryggja að notkun fiskimjöls sé aðeins heimilud fyrir ung jörturdýr skal slík notkun takmarkast við framleiðslu á staðgöngumjól, sem dreift er í duftformi og gefin eftir þynningu í ákveðnu magni af vökva, til þess að föðra ung jörturdýr sem viðbót við eða í staðinn fyrir móðurmjól eftir brodd áður en dýrið hefur að fullu verið vanið undan. Ennfremur er rétt að setja strangar framkvæmdarreglur um framleiðslu, þökkun, merkingu og flutninga á staðgöngumjól sem inniheldur fiskimjöl og er ætluð þessum dýrum.
- 8) Til glöggvunar og samræmingar er rétt er að mæla fyrir um sömu reglur varðandi merkingu fylgiskjala með föðri, sem inniheldur fiskimjöl, sem er ætlað fyrir önnur dýr en jörturdýr.
- 9) Í lið E.1 í III. hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um bann við útflutningi til þriðju landa á unnu dýraprótíni úr jörturdýrum og á vörum sem innihalda slík unnin dýraprótín.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (biður birtingar).

(¹) Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

- 10) Sem stendur er þó notkun slíkra prótína til framleiðslu gæludýrafóðurs leyfð í Bandalaginu. Til að tryggja samræmi í löggjöf Bandalagsins er rétt að heimila útflutning til þriðju landa á unnu gæludýrafóðri, þ.m.t. gæludýrafóður í dósum, sem inniheldur unnið dýraprótein úr jörturdýrum.
- 11) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. september 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. hluta er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi e-liður bætist við í A-lið:

e) fóðrun alinna jórturdýra, sem ekki er búið að venja undan, á fiskimjöli í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í lið BA).“

b) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið B:

i. Í stað d-liðar komi eftirfarandi:

„d) viðskiptaskjal, sem fylgir fóðursendingum sem innihalda fiskimjöl, og allar umbúðir sem innihalda slíkar sendingar skulu greinilega merkt með orðunum „inniheldur fiskimjöl — má ekki gefa jórturdýrum“.“

ii. Eftirfarandi liður BA bætist við:

„BA Eftirfarandi skilyrði skulu gilda um notkun fiskimjöls, sem um getur í e-lið A-liðar, og fóðurs, sem inniheldur fiskimjöl, við fóðrun alinna jórturdýra sem ekki er búið að venja undan:

a) fiskimjölið skal framleitt í vinnslustöðvum sem eingöngu eru ætlaðar til framleiðslu á vörum úr fiski,

b) áður en vörusendingar af innfluttu fiskimjöli eru settar í frjálsa dreifingu í Bandalaginu skal greina hverja sendingu með smásjárannsókn í samræmi við tilskipun 2003/126/EB,

c) notkun fiskimjöls fyrir ung, alin jórturdýr verður aðeins leyfð til framleiðslu á staðgöngumjólk, sem dreift er í duftformi og gefin eftir þynningu í ákveðnu magni af vökva, til þess að fóðra ung jórturdýr sem viðbót eða í staðinn fyrir móðurmjólkina eftir brodd áður en dýrið hefur að fullu verið vanið undan,

d) staðgöngumjólk, sem inniheldur fiskimjöl og er ætluð ungum, öldum jórturdýrum, skal framleidd í starfsstöðvum þar sem ekki er framleitt annað fóður fyrir jórturdýr og sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt í þessu skyni.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar má lögbært yfirvald heimila framleiðslu á öðru fóðri fyrir jórturdýr í starfsstöðvum sem einnig framleiða staðgöngumjólk, sem inniheldur fiskimjöl og er ætluð ungum, öldum jórturdýrum, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

i. annað fóður í lausu og innpakað fóður, sem ætlað er jórturdýrum, skal geymt í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu sem er ætluð fyrir fiskimjöl í lausu og staðgöngumjólk í lausu, sem inniheldur fiskimjöl, meðan á geymslu, flutningum og þökkun stendur,

ii. annað fóður, sem ætlað er jórturdýrum, skal framleitt í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu þar sem staðgöngumjólk, sem inniheldur fiskimjöl, er framleidd,

iii. lögbært yfirvald skal í fimm ár hið minnsta hafa aðgang að skráum með upplýsingum um kaup og notkun á fiskimjöli og sölu á staðgöngumjólk, sem inniheldur fiskimjöl, og

iv. venjubundnar prófanir á öðru fóðri, sem ætlað er jórturdýrum, skulu fara fram reglulega til þess að tryggja að bönnuð prótín, þ.m.t. fiskimjöl, séu ekki í fóðrinu. Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að niðurstöðunum í a.m.k. fimm ár,

e) viðskiptaskjal, sem fylgir staðgöngumjólk sem inniheldur fiskimjöl og er ætluð ungum, öldum jórturdýrum, og allar umbúðir, sem innihalda slíkar sendingar, skulu greinilega merkt með orðunum „inniheldur fiskimjöl – má aðeins gefa jórturdýrum sem ekki hafa verið vanin undan“,

- f) flytja skal staðgöngumjólk í lausu, sem inniheldur fiskimjól og er ætluð ungum öldum jörturdýrum, með ökutækjum sem ekki eru notuð til að flytja samtímis annað fóður fyrir jörturdýr. Ef við á, ef ökutækið er síðan notað til flutninga á öðru fóðri sem er ætlað jörturdýrum, skal hreinsa það vandlega í samræmi við verklagsreglur, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, til að koma í veg fyrir víxlmengun,
- g) á býlum þar sem jörturdýr eru haldin skulu ráðstafanir vera fyrir hendi til að koma í veg fyrir að staðgöngumjólk, sem inniheldur fiskimjól, sé gefin öðrum jörturdýrum en þeim sem undanþágan í e-lið A-liðar í II. hluta IV. viðauka tekur til. Lögbært yfirvald skal taka saman skrá yfir býli þar sem notuð er staðgöngumjólk, sem inniheldur fiskimjól, með kerfi þar sem býlin tilkynna um notkunina fyrirfram eða með öðru kerfi sem tryggir að farið sé að þessu ákvæði.“
- 2) Í stað liðar E.1 í III. hluta komi eftirfarandi:
- „E.1 Banna skal útflutning til þriðju landa á unnum dýrapróttinum úr jörturdýrum og afurðum sem innihalda slík unnin dýrapróttin. Þó skal bannið ekki gilda um unnið gæludýrafóður, þ.m.t. gæludýrafóður í dós, sem inniheldur unnið dýrapróttin úr jörturdýrum, sem hefur verið meðhöndlað og er merkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1774/2002.“